# Reginn hf.

## Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar
## 1. janúar til 31. mars 2021

Reginn hf.
Hagasmára 1
201 Kópavogur

kt. 630109-1080

# Efnisyfirlit

Bls.


| | |
|---|---|
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra ........ | 3 |
| Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ........ | 5 |
| Efnahagsreikningur ........ | 6 |
| Eiginfjáryfirlit ........ | 7 |
| Sjóðstreymisyfirlit ........ | 8 |
| Skýringar ........ | 9 |

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Starfsemi Regins hf. er fólgin í eignarhaldi, uppbyggingu, útleigu og rekstri á fasteignum undir atvinnustarfsemi, s.s. verslun og þjónustu, iðnað, skrifstofu, íþrótta og afþreyingastarfsemi. Ennfremur sala á þjónustu tengdri útleigu og fasteignarekstri s.s. ræstingar, húsvarsla, viðhald og almenn fasteignaumsjón.

Árshlutareikningur Regins hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2021 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikninga eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðureikning Regins hf. og dótturfélaga. Árshlutareikningurinn er hvorki endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

### Fjárfesting í félögum

Reginn hf. skráði sig 1. janúar 2021 fyrir 90% hlutafjár í einkahlutafélaginu Sóltún fasteign ehf. með því að skrá sig fyrir 4.500.000 nýjum hlutum í félaginu. Félagið hafði gert kaupsamning um kaup á heildareigninni Sóltún 2, kaupverð 3.783 millj. kr. og var gengið var frá kaupunum 15. janúar 2021. Kaupin voru að fullu fjármögnuð með lántöku. Félagið er hluti af samstæðu Regins hf. frá 1. janúar 2021.

Reginn hf. hefur keypt allt hlutafé í CCI Fasteignum ehf. sem er eigandi 20,6% hlutar í Grunni I ehf. sem er eigandi 100% hlutafjár í Smárabyggð ehf. Félagið er hluti af samstæðu Regins hf. frá 26. mars 2021.

### COVID-19

Stjórn félagsins fjallaði á fundum sínum um stöðu félagsins vegna COVID-19. Áherslur og aðgerðir hafa beinst að öryggi og velferð starfsmanna og gesta ásamt fjárhagslegum þáttum tengdum leigutökum og aðgerðum til að tryggja lausafjárstöðu.

Það er mat stjórnar og stjórnenda að enn sé einhver óvissa í þróun efnahagsmála í landinu sem getur haft áhrif á getu einstaka leigutaka til að standa við skuldbindingar sínar. Það mun aftur á móti ekki hafa áhrif á að félagið nái rekstrarmarkmiðum sínum á árinu 2021. Nánar er fjallað um áhrif COVID-19 á reikningsskil félagsins í skýringum 4 og 9.

### Rekstur og fjárhagsstaða

Hagnaður af rekstri félagsins á tímabilinu nam 1.454 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Heildareignir samstæðunnar námu 158.629 millj. kr. í lok tímabilsins samkvæmt efnahagsreikningi. Eigið fé félagsins var 48.326 millj. kr. að meðtöldu hlutafé að fjárhæð 1.823 millj. kr. Eiginfjárhlutfall félagsins var 30,5% í lok mars 2021.

Rekstrartekjur samstæðu Regins hf. námu 2.573 millj. kr. á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2021 samanborið við 2.390 millj. kr. fyrir sama tímabil á árinu 2020.

Rekstrarhagnaður samstæðunnar fyrir matsbreytingu á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2021 var 1.691 millj. kr. samanborið við 1.555 millj. kr. árið áður.

### Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikninga eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 31. mars 2021 og rekstrarafkomu hennar sem og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2021.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Regins hf. hafa í dag rætt um árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2021 og staðfest hann með undirritun sinni.

Kópavogi, 6. maí 2021.

Í stjórn félagsins:

Tómas Kristjánsson

Albert Þór Jónsson

Bryndís Hrafnkelsdóttir

Guðrún Tinna Ólafsdóttir

Heiðrún Emilía Jónsdóttir

Forstjóri:

Helgi S. Gunnarsson

# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu 1. janúar - 31. mars 2021

| | Skýr. | 2021 1.1.-31.3. | 2020 1.1.-31.3. |
|---|---|---|---|
| Leigutekjur | | 2.418 | 2.241 |
| Tekjur vegna rekstrar í fasteignum | | 155 | 149 |
| Rekstrartekjur | 5,6 | 2.573 | 2.390 |
| | | | |
| Rekstrarkostnaður fjárfestingareigna | | ( 532) | ( 519) |
| Rekstur í fasteignum | | ( 212) | ( 195) |
| Stjórnunarkostnaður | | ( 138) | ( 121) |
| Rekstrarkostnaður | 5,7 | ( 882) | ( 835) |
| | | | |
| Rekstrarhagnaður fyrir matsbreytingu | | 1.691 | 1.555 |
| | | | |
| Matsbreyting fjárfestingareigna | 5,9 | 1.365 | ( 51) |
| Söluhagnaður fjárfestingareigna | | 9 | 0 |
| Afskriftir eigna til eigin nota | | ( 5) | ( 7) |
| | | | |
| Rekstrarhagnaður | | 3.060 | 1.497 |
| | | | |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):** | | | |
| Fjármunatekjur | | 26 | 8 |
| Fjármagnsgjöld | | ( 1.269) | ( 1.124) |
| Hrein fjármagnsgjöld | 8 | ( 1.243) | ( 1.116) |
| | | | |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | 1.817 | 381 |
| Tekjuskattur | | ( 363) | ( 77) |
| | | | |
| **Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins** | | 1.454 | 304 |
| | | | |
| **Hagnaður á hlut:** | | | |
| Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut | | 0,80 | 0,17 |

Skýringar á bls. 9 - 15 er óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Efnahagsreikningur 31. mars 2021

| | Skýr. | 31.3.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Fjárfestingareignir | 5,9 | 154.413 | 147.178 |
| Eignir til eigin nota | | 148 | 152 |
| Leigudreifing | | 618 | 502 |
| Fastafjármunir | | 155.179 | 147.832 |
| | | | |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | 504 | 797 |
| Leigudreifing | | 30 | 76 |
| Ógreitt söluverð | | 28 | 640 |
| Handbært fé | | 2.888 | 3.630 |
| Veltufjármunir | | 3.450 | 5.143 |
| | | | |
| **Eignir samtals** | | 158.629 | 152.975 |
| | | | |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 1.823 | 1.823 |
| Varasjóðir | | 16.586 | 16.586 |
| Bundinn hlutdeildarreikningur | | 25.809 | 23.874 |
| Óráðstafað eigið fé | | 4.108 | 4.589 |
| Eigið fé | | 48.326 | 46.872 |
| | | | |
| **Skuldir** | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 10 | 91.172 | 87.431 |
| Leiguskuldir | | 3.903 | 3.593 |
| Tekjuskattsskuldbinding | | 10.914 | 10.587 |
| Langtímaskuldir | | 105.989 | 101.611 |
| | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 10 | 2.462 | 3.098 |
| Næsta árs afborganir leiguskulda | | 140 | 139 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | | 1.712 | 1.255 |
| Skammtímaskuldir | | 4.314 | 4.492 |
| | | | |
| Skuldir samtals | | 110.303 | 106.103 |
| | | | |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 158.629 | 152.975 |

Skýringar á bls. 9 - 15 er óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Eiginfjáryfirlit 1. janúar - 31. mars 2021

| | Hlutafé | Varasjóðir | Bundinn hlutdeildar-reikningur | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| **1. janúar til 31. mars 2020** | | | | | |
| Eigið fé 1. janúar 2020 ........................................ | 1.804 | 16.514 | 20.337 | 7.387 | 46.042 |
| Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins ........... | | ( 5) | | 309 | 304 |
| Fært á bundið eigið fé ........................................ | | | 898 | ( 898) | 0 |
| Kaup á eigin bréfum ............................................ | ( 21) | ( 479) | | | ( 500) |
| Samþykkt arðgreiðsla (frestað) ........................... | | | | ( 535) | ( 535) |
| Eigið fé 31. mars 2020 ........................................ | 1.783 | 16.030 | 21.235 | 6.263 | 45.311 |
| | | | | | |
| **1. janúar til 31. mars 2021** | | | | | |
| Eigið fé 1. janúar 2021 ........................................ | 1.823 | 16.586 | 23.874 | 4.589 | 46.872 |
| Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins ........... | | | | 1.454 | 1.454 |
| Fært á bundið eigið fé ........................................ | | | 1.935 | ( 1.935) | 0 |
| Eigið fé 31. mars 2021 ........................................ | 1.823 | 16.586 | 25.809 | 4.108 | 48.326 |

Skýringar á bls. 9 - 15 er óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar - 31. mars 2021

| | Skýr. | 2021<br>1.1.-31.3. | 2020<br>1.1.-31.3. |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins | | 1.454 | 304 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Matsbreyting fjárfestingareigna | | ( 1.365) | 51 |
| Söluhagnaður fjárfestingareigna | | ( 9) | 0 |
| Afskriftir eigna til eigin nota | | 5 | 7 |
| Hrein fjármagnsgjöld | | 1.243 | 1.116 |
| Tekjuskattur | | 363 | 77 |
| | | 1.691 | 1.555 |
| Breyting á rekstrartengdum eignum | | 223 | 259 |
| Breyting á rekstrartengdum skuldum | | 531 | 51 |
| Handbært fé frá rekstri fyrir vexti | | 2.445 | 1.865 |
| Innheimtar vaxtatekjur | | 26 | 8 |
| Greidd vaxtagjöld | | ( 980) | ( 940) |
| Greiddir vextir af leiguskuld | | ( 42) | ( 41) |
| Handbært fé frá rekstri | | 1.449 | 892 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Fjárfesting í fjárfestingareignum | 9 | ( 2.055) | ( 1.562) |
| Söluverð fjárfestingareigna | 9 | 388 | 0 |
| Fjárfesting í eignum til eigin nota | | 0 | ( 7) |
| Aðrar skammtímakröfur, breyting | | 616 | 0 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 1.051) | ( 1.569) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Kaup á eigin bréfum | | 0 | ( 500) |
| Tekin ný langtímalán | 10 | 13.368 | 2.499 |
| Afborganir og uppgreiðsla vaxtaberandi langtímaskulda | 10 | ( 14.474) | ( 945) |
| Afborganir leiguskulda | | ( 34) | ( 23) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 1.140) | 1.031 |
| **Breyting á handbæru fé** | | ( 742) | 354 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 3.630 | 2.840 |
| **Handbært fé í lok tímabilsins** | | 2.888 | 3.194 |

**Fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingar án greiðsluáhrifa**

| | | |
|---|---|---|
| Fjárfesting í fjárfestingareignum | ( 3.817) | 0 |
| Yfirteknar skuldir við kaup á félögum | 3.817 | 0 |
| Ógreiddur arður 2020 (frestað) | 0 | 535 |

Skýringar á bls. 9 - 15 er óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Skýringar

**1. Almennar upplýsingar**

Reginn hf., "félagið", er með aðsetur að Hagasmára 1 í Kópavogi. Samstæðuársshlutareikningur félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2021 hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sem "samstæðunnar" og til einstakra félaga sem "samstæðufélaga".

Félagið er almenningshlutafélag og skráð í Kauphöll Íslands (NASDAQ OMX Iceland).

**2. Grundvöllur reikningsskilanna**

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2020.

Stjórn félagsins staðfesti árshlutareikninginn með undirritun sinni þann 6. maí 2021.

**3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir**

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2020. Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá félaginu eða á vef þess www.reginn.is.

Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins, og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna. Hann byggir á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að fjárfestingareignir samstæðunnar eru metnar á gangvirði.

Mismunur á gangvirði og bókfærðu verði fjáreigna og fjárskulda er óverulegur.

**4. Mat stjórnenda í reikningsskilum**

Gerð árshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati. Það er mat stjórnenda að enn sé einhver óvissa varðandi áhrif COVID-19 í þróun efnahagsmála í landinu sem getur haft áhrif á getu einstaka leigutaka til að standa við skuldbindingar sínar.

**5. Starfsþáttayfirlit**

Starfsþáttayfirlit veitir upplýsingar um einstaka þætti í rekstri félagsins. Starfsemi skiptist í þrjá þætti sem byggja á skipuriti félagsins. Starfsþættirnir skiptast eftir eignum og ræður ráðandi starfsemi í eigninni flokkuninni. Þróunareignum er haldið aðskildum þar til þær eru orðnar tekjuberandi.

Starfsþættir:

- Verslun og þjónustu
- Samstarfs- og leiguverkefni með opinberum aðilum
- Atvinnuhúsnæði og almennur markaður

**5. Starfsþáttayfirlit frh.:**

**Starfsþáttayfirlit 1.1 - 31.3 2021**

| | Verslun og þjónusta | Sam-starfs-verkefni | Atvinnu-húsnæði | Þróunar-eignir | Annað | Jöfnun | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Leigutekjur ............................. | 726 | 735 | 957 | 0 | 0 | 0 | 2.418 |
| Rekstur í fasteignum ............. | 89 | 64 | 2 | | 48 | ( 48) | 155 |
| Rekstrartekjur ......................... | 815 | 799 | 959 | 0 | 48 | ( 48) | 2.573 |
| Rekstarkostnaður fjárfestingareigna ................ | ( 210) | ( 104) | ( 212) | ( 6) | 0 | 0 | ( 532) |
| Rekstur í fasteignum ............. | ( 132) | ( 80) | 0 | 0 | 0 | 0 | ( 212) |
| Stjórnunarkostnaður ............... | ( 14) | ( 15) | ( 19) | 0 | ( 138) | 48 | ( 138) |
| Rekstrarkostnaður .................. | ( 356) | ( 199) | ( 231) | ( 6) | ( 138) | 48 | ( 882) |
| Rekstrarhagnaður fyrir matsbreytingu ..................... | 459 | 600 | 728 | ( 6) | ( 90) | 0 | 1.691 |
| Matsbreyting fjárfestingareigna ................ | 370 | 359 | 636 | 0 | 0 | 0 | 1.365 |
| Söluhagnaður fjárfestingareigna ................ | 0 | 0 | 0 | 9 | 0 | 0 | 9 |
| Afskriftir eigna til eigin nota .... | 0 | 0 | 0 | 0 | ( 5) | 0 | ( 5) |
| Rekstrarhagnaður .................. | 829 | 959 | 1.364 | 3 | ( 95) | 0 | 3.060 |
| Hrein fjármagnsgjöld ........................ | | | | | | | ( 1.243) |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt ........................ | | | | | | | 1.817 |
| Tekjuskattur ........................ | | | | | | | ( 363) |
| Rekstrarhagnaður ........................ | | | | | | | 1.454 |

**Staða 31. mars 2021**

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjárfestingareignir í ............... eigu samstæðunnar .......... | 47.120 | 40.934 | 55.664 | 6.653 | 0 | 0 | 150.371 |

## 5. Starfsþáttayfirlit frh.:

### Starfsþáttayfirlit 1.1 - 31.3 2020

| | Verslun og þjónusta | Sam-starfs-verkefni | Atvinnu-húsnæði | Þróunar-eignir | Annað | Jöfnun | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Leigutekjur | 653 | 667 | 921 | 0 | 0 | 0 | 2.241 |
| Rekstur í fasteignum | 91 | 58 | 0 | | 51 | ( 51) | 149 |
| Rekstrartekjur | 744 | 725 | 921 | 0 | 51 | ( 51) | 2.390 |
| Rekstarkostnaður fjárfestingareigna | ( 220) | ( 88) | ( 211) | 0 | 0 | 0 | ( 519) |
| Rekstur í fasteignum | ( 124) | ( 71) | 0 | 0 | 0 | 0 | ( 195) |
| Stjórnunarkostnaður | ( 15) | ( 15) | ( 21) | 0 | ( 121) | 51 | ( 121) |
| Rekstrarkostnaður | ( 359) | ( 174) | ( 232) | 0 | ( 121) | 51 | ( 835) |
| Rekstrarhagnaður fyrir matsbreytingu | 385 | 551 | 689 | 0 | ( 70) | 0 | 1.555 |
| Matsbreyting fjárfestingareigna | ( 114) | 162 | ( 95) | ( 4) | 0 | 0 | ( 51) |
| Afskriftir eigna til eigin nota | 0 | 0 | 0 | 0 | ( 19) | 0 | ( 7) |
| Rekstrarhagnaður | 271 | 713 | 594 | ( 4) | ( 89) | 0 | 1.497 |
| Hrein fjármagnsgjöld | | | | | | | ( 1.116) |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | | | | | | 381 |
| Tekjuskattur | | | | | | | ( 77) |
| Rekstrarhagnaður | | | | | | | 304 |

**Staða 31. mars 2020**

| | Verslun og þjónusta | Sam-starfs-verkefni | Atvinnu-húsnæði | Þróunar-eignir | Annað | Jöfnun | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjárfestingareignir í eigu samstæðunnar | 45.231 | 37.083 | 53.417 | 3.801 | 0 | 0 | 139.532 |

## 6. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

| | 2021<br>1.1.-31.3. | 2020<br>1.1.-31.3. |
|---|---|---|
| Leigutekjur af leigusamningum | 2.349 | 2.241 |
| Dreifðar leigutekjur | 69 | 0 |
| Leigutekjur samtals | 2.418 | 2.241 |
| Tekjur vegna rekstrar í fasteignum | 155 | 149 |
| Rekstrartekjur samtals | 2.573 | 2.390 |

## 7. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður greinist þannig:

| | 2021<br>1.1.-31.3. | 2020<br>1.1.-31.3. |
|---|---|---|
| Fasteignagjöld, vatns- og fráveitugjöld | 398 | 389 |
| Tryggingar | 39 | 36 |
| Viðhald og endurbætur | 89 | 85 |
| Orkukostnaður og sorphirða | 43 | 39 |
| Annar rekstrarkostnaður | 77 | 68 |
| Afskriftir og niðurfærsla krafna | 1 | 18 |
| Gjaldfærð laun í rekstri | 172 | 142 |
| Annar stjórnunarkostnaður | 63 | 58 |
| Rekstrarkostnaður samtals | 882 | 835 |

## 8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

| | 2021<br>1.1.-31.3. | 2020<br>1.1.-31.3. |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur | 26 | 8 |
| Vaxtagjöld | ( 839) | ( 882) |
| Eignfærðir vextir | 33 | 17 |
| Vextir af leiguskuldum | ( 42) | ( 41) |
| Verðbætur | ( 421) | ( 218) |
| Fjármagnsgjöld samtals | ( 1.269) | ( 1.124) |
| Hrein fjármagnsgjöld | ( 1.243) | ( 1.116) |

Eignfærðir vextir eru vegna eigna sem eru í byggingu eða unnið er að verulegum endurbótum á og eru ekki í útleigu. Vaxtaútreikningur tekur mið af meðalkjörum á lánalínum félagsins á hverjum tíma og voru þau um 4% á tímabilinu.

## 9. Fjárfestingareignir

Fjárfestingareignir samstæðunnar eru metnar á gangvirði á reikningsskiladegi í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 40 Fjárfestingareignir og alþjóðlegan reikningsskilastaðal IFRS 13 Mat á gangvirði. Allar fjárfestingareignir samstæðunnar falla undir 3. stig í flokkunarkerfi gangvirðismats og eru metnar sem slíkar. Við mat á fjárfestingareignum er stuðst við núvirt framtíðar sjóðsflæði einstakra eigna. Sjóðstreymislíkanið byggir á frjálsu sjóðstreymi til samstæðunnar sem er núvirt með veginni ávöxtunarkröfu fjármagns sem gerð er til félagsins (WACC). Mat á fjárfestingareignum er unnið af starfsmönnum móðurfélagsins.

**9. Fjárfestingareignir frh.:**

Við mat á fjárfestingareignum hefur verið byggt á tólf mánaða meðaltali ávöxtunarkröfu íbúðarbréfs sem lengsta verðtryggða skuldabréfsins á markaði með ríkisábyrgð. Viðskiptaavakt hefur nú verið felld niður og hafa viðskipti með bréfið minnkað umtalsvert. Til þess að viðmiðið gefi sem skýrasta mynd af þróuninni á hverjum tíma hefur verið ákveðið að breyta viðmiði áhættulausra vaxta yfir í ávöxtunarkröfu verðtryggðs ríkistryggðs skuldabréfs með álíka meðallíftíma. Tólf mánaða meðaltöl þessara skuldabréfa eru sambærileg og hefur breytingin því óveruleg áhrif á virðismatið.

Forsendur módelsins um áhrif COVID-19 faraldrinum á innlenda og erlenda eftirspurn í sjóðsstreymi einstakra eigna gerir ráð fyrir að áhrif faraldursins á tekjur í ferðatengdri starfsemi muni vara til 2023-24 en innlend eftirspurn muni ná jafnvægi á árinu 2021. Vegna minnkandi óvissu í kjölfar bólusetninga hefur verið dregið úr áhættuálagi í matinu.

Við ákvörðun á gangvirði fjárfestingareigna er byggt á forsendum sem háðar eru mati stjórnenda á þróun ýmissa þátta í framtíðinni. Raunverulegt gangvirði kann að vera frábrugðið þessu mati.

Fjárfestingareignir greinast þannig:

| | Fjárfestingar-eignir í eigu samstæðunnar | Leigu-eignir | Samtals |
|---|---|---|---|
| **Bókfært verð** | | | |
| Staða 1.1.2021 | 143.446 | 3.732 | 147.178 |
| Fjárfesting á tímabilinu | 5.905 | 0 | 5.905 |
| Selt á tímabilinu | ( 388) | 0 | ( 388) |
| Breyting vegna endurmats leiguskulda | 0 | 345 | 345 |
| Matsbreyting tímabilsins | 1.399 | ( 34) | 1.365 |
| Söluhagnaður af seldum eignum | 9 | 0 | 9 |
| Staða 31.03.2021 | 150.371 | 4.043 | 154.414 |
| | | | |
| **Bókfært verð** | | | |
| Staða 1.1.2020 | 137.981 | 2.765 | 140.746 |
| Fjárfesting á tímabilinu | 1.579 | 0 | 1.579 |
| Breyting vegna endurmats leiguskulda | 0 | 157 | 157 |
| Matsbreyting tímabilsins | ( 28) | ( 23) | ( 51) |
| Staða 31.03.2020 | 139.532 | 2.899 | 142.431 |

***Sundurliðun fjárfestingareigna í eigu samstæðunnar 31.3.2021:***

| | Verslunar-húsnæði | Skrif-stofu-húsnæði | Iðnaðar- og geymslu-húsnæði | Hótel | Heilsa, menntun og afþreying | Þróunar-eignir | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Bókfært verð** | | | | | | | |
| Staða 1.1. | 43.734 | 53.115 | 13.139 | 10.672 | 17.511 | 5.275 | 143.446 |
| Fjárfesting á árinu | 172 | 103 | 37 | 5 | 3.828 | 1.760 | 5.905 |
| Selt á árinu | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | ( 388) | ( 388) |
| Matsbreyting ársins | 311 | 616 | 47 | 228 | 197 | 0 | 1.399 |
| Söluhagnaður | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 9 | 9 |
| Staða 31.3. | 44.217 | 53.834 | 13.223 | 10.905 | 21.536 | 6.656 | 150.371 |

| **Næmisgreining gangvirðis:** | Hækkun | Lækkun |
|---|---|---|
| Hækkun (lækkun) leigutekna um 5% | 9.269 | ( 9.269) |
| Lækkun (hækkun) á ávöxtunarkröfu um 0,5%-stig | 10.213 | ( 9.173) |

## 9. Fjárfestingareignir frh.:

***Sundurliðun fjárfestingareigna í eigu samstæðunnar 31.3.2020:***

| | Verslunar-húsnæði | Skrif-stofu-húsnæði | Iðnaðar- og geymslu-húsnæði | Hótel | Heilsa, menntun og afþreying | Þróunar-eignir | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Bókfært verð** | | | | | | | |
| Staða 1.1. | 42.094 | 51.409 | 12.513 | 11.468 | 17.525 | 2.972 | 137.981 |
| Fjárfesting á árinu | 347 | 225 | 146 | 4 | 38 | 819 | 1.579 |
| Matsbreyting ársins | 0 | 676 | ( 83) | ( 589) | ( 28) | ( 4) | ( 28) |
| Staða 30.3. | 42.441 | 52.310 | 12.576 | 10.883 | 17.535 | 3.787 | 139.532 |

| **Næmisgreining gangvirðis:** | Hækkun | Lækkun |
|---|---|---|
| Hækkun (lækkun) leigutekna um 5% | 8.746 | ( 8.746) |
| Lækkun (hækkun) á ávöxtunarkröfu um 0,5%-stig | 12.251 | ( 10.521) |

## 10. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi skuldir greinast þannig:

| | 31.3.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|
| Grænar útgáfur undir skuldabréfaramma | 15.472 | 14.539 |
| Aðrar útgáfur undir skuldabréfaramma | 33.622 | 31.982 |
| Útgáfur undir skuldabréfaramma | 49.094 | 46.521 |
| Skuldir við verðbréfasjóði sem gefa út skuldabréf á markaði | 12.819 | 12.838 |
| Grænt bankalán | 1.500 | 1.500 |
| Aðrar skuldir við lánastofnanir | 30.644 | 30.066 |
| Vaxtaberandi skuldir án lántökukostnaðar | 94.057 | 90.925 |
| | | |
| Eignfærður lántökukostnaður | ( 423) | ( 396) |
| Næsta árs afborganir vaxtaberandi skulda | ( 2.462) | ( 3.098) |
| Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals | 91.172 | 87.431 |

Samstæðan hefur samið um skammtímalán og voru ónýttar lánsheimildir 6.700 millj. kr. í lok tímabilsins.

Breytingar vaxtaberandi skulda á árinu greinast þannig:

| | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Vaxtaberandi skuldir 1. janúar | 90.925 | 84.589 |
| Ný lántaka | 13.368 | 2.499 |
| Yfirtekin lán | 3.817 | 0 |
| Afborganir og uppgreiðsla lána | ( 14.474) | ( 945) |
| Verðbætur | 421 | 218 |
| Vaxtaberandi skuldir 31. mars | 94.057 | 86.361 |

## 11. Ársfjórðungsyfirlit

| | 1F 2021 | 4F 2020 | 3F 2020 | 2F 2020 | 1F 2020 |
|---|---|---|---|---|---|
| Leigutekjur | 2.418 | 2.425 | 2.299 | 2.205 | 2.241 |
| Tekjur vegna rekstrar í fasteignum | 155 | 134 | 142 | 141 | 149 |
| Rekstrartekjur | 2.573 | 2.559 | 2.441 | 2.346 | 2.390 |
| | | | | | |
| Rekstrarkostnaður fjárfestingareigna | ( 532) | ( 559) | ( 532) | ( 577) | ( 519) |
| Rekstur í fasteignum | ( 212) | ( 190) | ( 164) | ( 175) | ( 195) |
| Stjórnunarkostnaður | ( 138) | ( 118) | ( 96) | ( 109) | ( 121) |
| Rekstrarkostnaður | ( 882) | ( 867) | ( 792) | ( 861) | ( 835) |
| | | | | | |
| Rekstrarhagnaður fyrir matsbreytingu | 1.691 | 1.692 | 1.649 | 1.485 | 1.555 |
| | | | | | |
| Matsbreyting fjárfestingareigna | 1.365 | 1.428 | 109 | ( 11) | ( 51) |
| Söluhagnaður (-tap) | 9 | 0 | 133 | 0 | 0 |
| Afskriftir eigna til eigin nota | ( 5) | ( 6) | ( 2) | ( 4) | ( 7) |
| | | | | | |
| **Rekstrarhagnaður** | 3.060 | 3.114 | 1.889 | 1.470 | 1.497 |
| | | | | | |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):** | | | | | |
| Fjármunatekjur | 26 | 51 | 5 | 6 | 8 |
| Fjármagnsgjöld | ( 1.269) | ( 1.794) | ( 1.811) | ( 1.738) | ( 1.124) |
| Hrein fjármagnsgjöld | ( 1.243) | ( 1.743) | ( 1.806) | ( 1.732) | ( 1.116) |
| | | | | | |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | 1.817 | 1.371 | 83 | ( 262) | 381 |
| Tekjuskattur | ( 363) | ( 258) | ( 16) | 53 | ( 77) |
| | | | | | |
| **Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins** | 1.454 | 1.113 | 67 | ( 209) | 304 |
| | | | | | |
| Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut | 0,80 | 0,61 | 0,04 | (0,12) | 0,17 |